

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2014

092-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1236/2013 frá 2. desember 2013 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „járnbrautarvagnar og vöruflutningavagnar“ í járnbrautakerfi Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 321/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1273/2013 frá 6. desember 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 454/2011 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „fjarvirknibúnaður fyrir farþegaflutninga“ í samevrópska járnbrautakerfinu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/710/ESB frá 2. desember 2013 um breytingu á ákvörðun 2012/757/ESB varðandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „rekstur og stjórn umferðar“ í járnbrautakerfinu í Evrópusambandinu ⁽³⁾.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37dj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2011):
„– **32013 R 1273**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1273/2013 frá 6. desember 2013 (Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 72).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 37dl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/757/ESB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:
„eins og henni var breytt með:
– **32013 D 0710**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/710/ESB frá 2. desember 2013 (Stjtið. ESB L 323, 4.12.2013, bls. 35).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 37n (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2013):
„eins og henni var breytt með:
– **32013 R 1236**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1236/2013 frá 2. desember 2013 (Stjtið. ESB L 322, 3.12.2013, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1236/2013 og (ESB) nr. 1273/2013 og ákvörðunar 2013/710/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 322, 3.12.2013, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 72.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 323, 4.12.2013, bls. 35.

Artikkel 4

Denne beslutning skal kunngjøres i EØS-avdelingen av og EØS-tillegget til *Den europeiske unions tidende*.

Utfærdiget i Brussel 16. mai 2014.

For EØS-komiteen

Gianluca Grippa

Formann